

Ársskýrsla 2020



Hér birtist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2020.

Skipulag og innihald byggir á texta í fjárveitingarbréfi og forskrift frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sent skólameisturum 22. febrúar 2013 og nefnist *Innihald og lengd á ársskýrslum*.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2020 voru nemendur við skólann 137. Þar af voru 70 karlar og 67 Liðlega helmingur nemenda var 20 ára og eldri og liðlega helmingur búsettur utan sveitarfélagsins. Tæplega helmingur nemenda var á stúdentsprófsbrautum, tæp 6% á framhaldsskólabraut og tvöfalt fleiri eða rúm 13% í starfsnámi. Um þriðjungur nemenda voru í öðru námi og ótilgreindu og þá oftast fjarnemendur í einum til tveimur áföngum. Á vorönninni voru 28 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 15 og í hlutastarfi voru 9. Aðrir starfsmenn voru 3 og þar af 2 í fullu starfi og auk þess eru 2 húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrifum í skólanum. Starfsmenn 50 ára og eldri voru 15 en 13 yngri.

Á haustönn 2020 voru 145 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 26 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 14 og 11 í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 3 og 2 að auki í hlutastarfi. Auk þess eru í Nýheimum 2 húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting nemenda var þannig að 70 karlar og 75 konur voru á nemendalista. Rúmlega helmingur nemenda var 20 ára og eldri og helmingur búsettur utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 66 alls. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 15 nemendur, 41 í starfsnám og 24 í annað eða ótilgreint nám.

Námsframboð:

Námsframboð skólans árið 2020 var í stórum dráttum eins og undanfarin ár. Boðið er upp á nám á þremur stúdentsbrautum; hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámsbraut sem er stöðugt að verða vinsælli. Á kjörnámsbraut geta nemendur í samráði við skólann valið sér sérhæfingu og áherslur. Á kjörnámsbraut er einnig hægt að velja sérstaka námspakka sem skipulagðir eru sem námssvið kjörnámsbrautar. Sviðin eru fjallamenskunám, lista- og menningar svið, íþróttasvið og vélstjórnarsvið. Öll sviðin eru í þróun bæði hvað varðar innihald og einnig hvaða áfanga þarf að taka til að ljúka námi á kjörnámsbraut með tiltekið svið sem sérhæfingu. Tvö af fjórum sviðum eru einnig helsta starfsnámsframboð skólans.

Þegar lista- og menningarsvið var búið til var lögð áhersla á að flétta saman nám í skyldum greinum. Þannig var kvikmyndagerð og leiklist sett undir sviðslistir og myndlist, ljósmyndun og fatahönnun var sett undir sjónlistir. Einnig voru búnir til áfangar sem gerðu nemendum kleift að samþætta sviðslistir og sjónlistir í smiðju. Fjórða áfangagerðin var svo áfangar sem fengu heitið sköpun en þar var hugmyndin að nemendur fengju tækifæri til að fara djúpt í einstaka viðfangsefni svo sem raddþjálfun eða skúlptúrgerð. Gert var ráð fyrir að kennarar í þessu námi gætu verið fyrir utan kennarahóp skólans og að almenningur í samfélaginu gæti tekið þátt án þess að ætla sér að stunda frekar nám við skólann. Síðan þetta skipulag var tekið upp þá hefur stöðugt verið unnið að því að slípa það til og þróa frekar. Á íþróttasviði hefur verið unnið að nánari tengingum við íþróttafélagið á staðnum, Ungmennafélagið Sindra, með það í huga að gefa þeim sem æfa reglulega einhverja íþrótt kost á að tengja það við nám í skólanum. Tekin hefur verið upp kennsla í nýjum greinum svo sem þjálfraði og íþróttasálfræði og settur saman námspakka með áherslu á greinar eins og líffræði og aðrar sem gagnast afreksíþróttafólki.

Ný brautarlýsing á A-stigi vélstjórnar hjá Tækniskólanum hafði það í för með sér að ekki var hægt að taka nýja nemendur inn á hverju hausti vegna ríkari krafna um undanfara í einstaka áfanga. Því var ákveðið að raða áföngum niður á fjórar annir í stað sex og taka nemendur inn aðra hvora haustönn en í fyrra skipulagi var auðveldara að koma inn þegar nemendum hentaði. Fyrstu keyrslu með þessu skipulagi lýkur á vorönn 2022 og þá verður metið hvernig til tókst.

Á vorönn 2020 voru fáir nemendur í fjallamennskunámi og mun minna varð úr náminu þar sem fella þurfti vettvangsnámið meira og minna niður vegna kórónuveirunnar. Tíminn var nýttur til að endurskoða námið og tengja það betur við námskeiðahald fagfélagsins, Félag íslenskra fjallaleiðsögumanna. Það félag hefur staðið fyrir námskeiðahaldi sem kallast AIMG (vísan í enskt heiti á félagsskapnum) fjalla 1-3, jökla 1-3 og skíði 1-3. Þessi námskeið hafa verið nýtt hjá fyrirtækjum í fjalla- og jöklaferðamennsku á þann hátt að gerð er krafa um tiltekin námskeið til að fá ráðningu í tiltekin störf í leiðsögn. Auk betri tengingar við AIMG var ákveðið að hækka aldurslágmarkið aftur upp í 18 ár í stað þess að miða við að hægt væri að hefja námið að loknum grunnskóla. Það hafði sýnt sig að nemendur réðu illa við þá ábyrgð og þann aga sem þurfti til að læra við erfiðar aðstæður á jöklum og til fjalla. Námið var einnig kynnt og auglýst betur en áður með áherslu á samfélagsmiðla. Allt þetta skilaði mikilli aukningu í námið um haustið þegar um 30 nemendur hófu nám í fjallamennsku. Segja má að með þessu hafi námið farið upp á nýtt stig og færðist nær því að vera formlegt fagnám fyrir leiðsögumenn í jökla- og fjallamennsku.

Færslan frá námskeiðahaldi fagfélags yfir í formlegt nám í framhaldsskóla vakti spurningar um kennslufræðimenntun kennara. Fagfélagið hefur á undanförunum einum til tveimur áratugum byggt upp kerfi fagmenntunar að nýsjálenskri fyrirmynd sem stuðlað hefur að vaxandi fagmennsku í greininni. Sú uppbygging hefur ekki tekið sérstaklega á kennslufræðinni. Um haustið 2020 var því ákveðið að halda kennslufræðinámskeið fyrir verðandi kennara í fjallamennskunámi FAS. Haft var samband við Hróbjart Árnason sem hefur verið leiðandi í kennslufræði náms fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Jakob Frímann Þorsteinsson sem hefur leitt uppbyggingu á útinámi á Menntavísindasviði HÍ. Námskeiðið var í einn dag og með því náðist bæði að hrista saman kennarahópin og að gera verðandi kennurum ljóst hve mikilvæg kennslufræðin er í skipulagningu og framkvæmd náms.

Fjölbreytilegir kennsluhættir hafa í vaxandi mæli verið innleiddir við skólann á undanförunum árum. Í rúma tvo áratugi hefur far-og staðnemendum verið kennt saman í einum námshópi. Í fámennum námshópum hefur meiri ábyrgð verið sett á nemendur með færri kennslustundum og algengt er að bjóða nemendum aðstoð við sjálfsnám í námsefni sem ekki er boðið upp á þá önn sem það hentar nemendum. Um nokkurt skeið hefur í samstarfi framhaldsskóla á landsbyggðinni námi og kennslu verið miðlað á milli skólanna. Allt þetta og fleira til hefur leitt til þess að minna hlutfall náms og kennslu við skólann er eingöngu kennt með hefðbundum hætti þar sem allir nemendur mæta í tíma og vinna þar að námi sínu undir verkstjórn kennara. Með þessu móti hefur tekist að bjóða íbúum á svæðinu upp á mun fjölbreytilegra nám en hægt væri ef kennsla og nám færu eingöngu fram með hefðbundinni stofukennslu.

Framkvæmd markmiða skólans samkvæmt *Stefnuskjali 2020-2022* sem byggt er á lögum um opinber fjármál.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið setur fram þrjú meginmarkmið fyrir framhaldsskóla samkvæmt lögum um opinber fjármál.

1. *Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.*
2. *Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.*
3. *Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.*

Á grundvelli þessara markmiða setur FAS fram markmið í stefnuskjali skólans 2020-2022. Þessi markmið eru undir hatti kjarnastarfsemi. Fyrir hvert markmið eru settar fram þrjár aðgerðir

1. *Treysta starfsgrundvöll skólans*
 - a. *Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu.*
 - b. *Fjölga nemendum í lista -og verknámi með því að efla nám tengt Vöruhúsinu*

- c. *Fjölga nemendum af erlendum uppruna með því að mæta betur þörfum þeirra.*
- 2. *Auka framboð starfsnáms*
 - a. *Efla nám í fjallamennsku og starfendanám í ævintýraferðaþjónustu*
 - b. *Efla samstarf kjarnaskóla námssviða og Fjarmenntaskólans um starfsnám á landsbyggðinni*
 - c. *Koma á matreiðslunámi í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi*
- 3. *Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma*
 - a. *Festa í sessi og þróa frekar foreldrasamstarf*
 - b. *Festa í sessi og þróa frekar umsjónarkerfið*

Í stefnuskjalinu eru einnig sett fram markmið undir liðnum rekstrarþættir þar sem fjallað er um starfsmannamál og aðgerðir þeim tengdum.

- 1. *Árlegur hlutfallslegur fjöldi daga af tíu dögum sem starfsmenn í fullu starfi nýta til starfsþróunar*
 - a. *Koma á föstu skipulagi sameiginlegra námskeiða og skólaheimsóknna*
 - b. *Þróa aðferðir við skráningu á umfangi starfsþróunar*
- 2. *Að draga úr óumhverfissvænni neyslu starfsmanna og nemenda*

Allar aðgerðir eru með tímasett upphaf og lok og hverju markmiði fylgja einnig mælikvarðar. Hér verður fjallað um markmiðin þrjú sem tengjast kjarnastarfsemi og einnig markmiðið sem er undir hatti rekstrarþátta. Fjallað verður aðskilið um hvert markmið og mælikvarða sem því tengist.

Kjarnastarfsemi, markmið 1: Treysta starfsgrundvöll skólans

Aðgerðin að fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu hófst á haustönn 2016 og gert er ráð fyrir að henni ljúki 2019. Mælikvarðinn er *fjöldi nema í fjarnámi sem ætla að útskrifast frá FAS*. Árið 2017 og 2018 voru þeir 21 og sett viðmið eða markmið fyrir árið 2019 var 24. Mæld niðurstaða fyrir árið 2019 var 32 nemendur og því má segja að þetta markmið hafi náðst og rúmlega það. Fyrir árið 2020 var markmiðið 34 en niðurstaðan var 20. Þannig að í stað þess fjölgunin héldi áförm þá fórum við skrefið til baka.

Aðgerð tvö til að styrkja grundvöll skólans var um fjölgun nemenda í lista- og verknámi. Sú aðgerð var sett af stað á haustönn 2017 og gert ráð fyrir að henni ljúki á vorönn 2021. Til að meta framgang þessarar aðgerðar er notaður mælikvarðinn fjöldi ársnemenda í lista- og verknámi. Árið 2017 voru þeir 39 en 34 árið 2018. Viðmiðið fyrir árið 2019 var 36 en mæld niðurstaða var 23. Markmið fyrir árið 2020 var 38 en niðurstaðan 30. Þróunin varðandi fjölda ársnemenda í lista- og verknámi hefur því farið upp og niður og við höfum ekki náð þeirri fjölgun sem stefnt var að. Það tókst að fjölga nemendum af erlendum uppruna en þó ekki eins mikið eins og viðmiðið sagði til um. Staðan árið 2018 var 10 nemendur og viðmiðið fyrir 2019 var 15 en mæld niðurstaða fyrir árið 2019 var 11 nemendur af erlendum uppruna í skólanum. Markmiðið fyrir árið 2020 var 11 en niðurstaðan 12. Nemendum af

erlendum uppruna hefur ekki fjölgað sem neinu nemur og það má líka spyrja hvort mestu skipti að fjölga þeim. Betra gæti verið að skoða hlutfall þeirra sem eru í FAS af þeim fjölda sem býr á svæðinu.

Í heildina má segja að markmiðið með treysta starfsgrundvöll skólans með þeim aðgerðum og mælikvörðum sem því fylgdi hafi ekki gengið vel. Ekki hafi náðst að styrkja skólann með þessu hætti. Nær væri að segja að náðst hafi að halda í horfinu. Sú þróun sem orðið hefur á árinu 2021 gefur tilefni til bjartsýni en um það verður fjallað nánar í ársskýrslu fyrir árið 2021.

Kjarnastarfsemi, markmið 2: Auka framboð starfsnáms

Aðgerðin að *efla nám í fjallamennsku og starfendanám í ævintýraferðahjónustu* hófst á haustönn árið 2017 og miðað við að henni ljúki á vorönn 2020. Að *efla samstarf kjarnaskóla námssviða og Fjarmenntaskólans um starfsnám á landsbyggðinni* hófst á vorönn 2019 og lýkur á vorönn 2021. Aðgerðin að *koma á matreiðslunámi í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi* fór af stað haustið 2019 og gert ráð fyrir að henni ljúki á vorönn 2022. Allar þrjú aðgerðirnar eru metnar saman með tveimur mælikvörðum. Annars vegar út frá fjölda kenndra áfanga og hins vegar út frá fjölda nemenda á viðkomandi námssviðum. Meðaltalsfjöldi kenndra áfanga var 12 árið 2017 en 15 árið 2018. Fyrir árin 2019 og 2020 var niðurstaðan 12 áfangar. Meðaltalsfjöldi nemenda í starfsnámi var 29 árið 2017, 25 árið 2018, 27 2019 og 33 fyrir árið 2020.

Eins og kom fram hér að framan var unnið að endurskoðun á skipulagi og innhaldi fjallamenskunámsins á vorönn 2020. Tengingin við námskeiðahald fagfélagsins var lykilatriði í þeirri endurskoðun. Með þeirri tengingu var stigið mikilvægt skref í því að færa nám starfenda í greininni frá námskeiðahaldi fagfélags yfir í formlega skólakerfið. Þessi breyting ásamt öðrum leiddi til verulegrar aukningar í aðsókn að náminu og má því segja að aðgerðin að *efla nám í fjallamennsku og starfendanám í ævintýraferðahjónustu* hafi tekist vel.

Á vorönn 2019 var á fundi skólameistara reifuð hugmynd um að efla starfsnám á landsbyggðinni með því að tengja sama annars vegar skóla á landsbyggðinni sem hafa mikla reynslu og þekkingu á að koma til móts við þarfir nemenda í fámennum samfélögum og hins vegar kjarnaskóla námssviða á höfuðborgarsvæðinu sem á móti hafa mikla reynslu og þekkingu á námi á sínu sérsviði. Varðandi kjarnaskóla námssviða var einkum horft til Tækniskólans, Menntaskólans í Kópavogi, Fjölbrautaskólans við Ármúla og Borgarholtsskóla. Þegar hafði reyndar verið gert samkomulag milli var Fjölbrautaskólans við

Ármúla og samstarfshatts framhaldsskóla á landsbyggðinni sem fengið hefur nafnið Fjarmenntaskólinn. Það samkomulag var um nám í heilbrigðisgreinum á landsbyggðinni. Á haustönn 2019 var áfram unnið að því að móta hugmyndina og mikill vilji var til að vinna að verkefninu bæði hjá landsbyggðarskólum og kjarnaskólum. Hugmyndin var einnig kynnt ráðuneyti menntamála og óskað eftir stuðningi til að ráða starfsmann í hlutastarf til að sinna því. Ráðuneytið ákvað að styrkja verkefnið og tók einnig þátt í mótun þess. Á vorönn 2020 var unnið að útfærslu hugmyndarinnar og ákveðið að skoða sérstaklega tvær brautir. Annars vegar nám í málaraiðn sem Tækniskólinn leiddi og hins vegar framreiðslu sem FAS leiddi í samvinnu við MK. Námið í málaraiðn fór af stað en ekki tókst á haustönninni að setja námið í framreiðslu af stað á þeim tíma. Umræður áttu sér stað varðandi matreiðslunámið við MK en þær umræður leiddu ekki til þess að nám hæfist í FAS á því sviði. Segja má að aðgerðirnar um starfsnám á landsbyggðinni og matreiðslunám hafi gengið eftir þó það hafi á árinu ekki skilað því sem væntingar voru um.

Kjarnastarfsemi, markmið 3: Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma

Tvær aðgerðir eru settar fram til að ná markmiði 3 og mælikvarðar á árangur eru þrír. Aðgerðirnar eru að festa í sessi og þróa frekar annars vegar foreldrasamstarf og hins vegar umsjónarkerfi. Mælikvarðarnir eru hlutfall nemenda sem lýkur námi á tilteknum brautum. Á árinu 2018 var umsjónarkerfið stokkað upp með þeim hætti að umsjónarkennurum var fækkað og hver þeirra fékk veigameira hlutverk. Einn umsjónarkennari var settur yfir hverja braut en síðan var sérstakur umsjónarkennari með fjarnemendur og annar sem jafnframt er áfangastjóri gerður að umsjónarkennara útskriftarnemenda af stúdentsbrautum. Samhliða þessu var formlegt samráð og formleg samskipti við foreldra augin. Við innritun í FAS við lok grunnskóla voru skipulögð viðtöl við nemendur og foreldra þeirra á meðan á umsóknarferlinu stóð og síðan við lok innritunar í júní. Fastir fundir með foreldrum voru settir niður í dagatal skólans og annan hvern föstudag fór skeyti frá umsjónarkennurum til foreldra um áherslur í námi og skólastarfi. Árið 2017 var hlutfall þeirra sem luku stúdentsprófi í sex önnum 36%, 43% árið 2018, 44% 2019 en fór niður í 38% 2020. Hlutfall þeirra sem lauk framhaldsskólaprófi á fjórum önnum var 8% árið 2017, 11% árið 2018, 2019 25% en fór niður í 20% árið 2020. Hlutfall þeirra sem luku starfsnámi í fjallamennsku og vélstjórn samkvæmt upphaflegri áætlun var 0% árið 2017, 17% 2018, 13% 2019 en flækjustigið við að meta þetta fyrir árið 2020 var það mikið vegna breytinga á námsframboði í vélstjórn að við náðum ekki að búa til tölu sem við getum staðið á.

Í heildina hefur hlutfall þeirra sem eru að ljúka námi á tilskildum tíma verið að hækka á undanförunum árum. Greinilegt bakslag kemur þó í þá þróun á árinu 2020. Erfitt er að skýra sveiflur á milli ára þegar ekki eru gerðar breytingar á kennslu eða öðru skipulagi náms. Hluti af skýringunni gæti verið mishátt hlutfall fjarnemenda og annarra nemenda sem ekki hafa einbeittan vilja til að ljúka námi á tilskildum tíma. Annað sem skiptir máli er að oft hentar nemendum að ljúka námi á lengri tíma svo sem fullorðnu fólki sem hefur aðrar fjölskyldu og vinnuskuldbindingar en yngri nemendur. Hver sem skýringin er þá er unnið innan skólans að því að skapa jákvætt og styðjandi námsumhverfi sem mætir mismunandi þörfum.

Rekstrarþættir, markmið 1: Styrkja og efla starfsþróun starfsmanna skólans

Undanfarin ár hefur töluverð umræða átt sér stað innan skólans um starfsþróun starfsmanna. Í kjarasamningi kennara er gert ráð fyrir að verja 80 klukkustundum á ári í endurmenntun eða starfsþróun en kennurum er í sjálfsvald sett hvort og hvernig þetta er gert. Undanfarin ár hefur verið gert ráð fyrir því að um helmingur af þessum starfsþróunartíma sé skipulagður af skóla. Miðað hefur við að fara í skólaheimsókn lok vorannar og að vera með sameiginleg námskeið fyrir upphaf skóla á haustönn. Ekki náðist að fara í skólaheimsókn í lok vorannar 2020 en haldin voru námskeið um umhverfismál, skyndihjálp og viðbragðsáætlun daganna 11.-13. ágúst og námskeiðahald fyrir upphaf haustannar var rýrara en til stóð.

Á vorönn voru starfsmenn beðnir um að tilgreina inn í sameiginlegu opnu skjali fjölda þeirra klukkustunda sem þeir höfðu varið í starfsþróun þá önn. Um gat að verið að ræða formlegt nám, námskeið eða annað sem hver og einn skipulagði sjálfur svo sem að lesa greinar eða horfa á myndbönd. Við samantekt á skilum starfsmanna má ætla að um 40-50% af þeim tíma sem ætlaður er í starfsþróun, miðað við samninga kennara, hafi verið nýttur. Nokkrir starfsmenn vörðu þó margfalt meiri tíma í starfsþróun en sem svarar 80 tímum á ári. Sá umframtími er ekki reiknaður inn í áætlað umfang sem varið er í starfsþróun þar sem mikilvægt er að sem flestir sinni starfsþróun með reglulegum hætti. Það gefur því betri mynd af stöðunni að reikna meðaltals hlutfall allra starfsmanna en að tilgreina heildarfjölda allra starfsmanna.

Mat: Sjálfsmat og ytra mat

Sjálfsmatsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og birt á vef skólans. Þar er greint frá skipulagi, framkvæmd og eftirfylgni sjálfsmats. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2020-2021 er gerð grein fyrir tölum um nemendaígildi, brottfall og meðaltal einkunna. Fjallað er um áfangamat,

skólafund, uppgjörsfund og erlend samstarfverkefni. Í umfjöllun um ytra mat er fjallað um niðurstöður skýrslu Rannsóknar & greiningar sem tekin var árið 2020.

Afkoma, rekstrarstaða:

Samkvæmt ársreikningi 2020 voru tekjur 267.668.338,- kr. en gjöld 263.052.797,- kr. Tekjur umfram gjöld voru því um 4,6 milljónir. Tekjur lækkuðu um 35 milljónir en gjöldin hækkuðu um 12 milljónir. Munurinn á tekjum á milli ára er að stærstum hluta aukin framlög á fjárlögum. Launakostnaður var árið 2020 um 197 milljónir en hafði verið um 178 milljónir árið 2019 sem skýrist bæði af auknum meðalfjölda stöðugilda og launahækkunum. Annar rekstrarkostnaður lækkaði um tæpar 1,5 milljón á milli ára.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2020 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfssvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um vef skólans, sá þriðji hefur umsjón með fjarnámi og sá fjórði er verkefnisstjóri fjallamennskunáms. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Fjöldi stundakennara er misjafn eftir önnum og umfangi kennslu en kennarar í fullu starfi kenna iðulega fleiri en eina grein og hafa oft með höndum önnur verkefni einnig.

Samvinna við aðra:

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu starfar við óvenjulegar aðstæður þar sem stafssvæði hans eru um 250 km enda á milli og þar búa ekki nema um 2400 manns. Í rúmlega 30 ára sögu skólans hefur því oft þurft að leita annarra leiða en notaðar eru þar sem fólk er fleira á minna svæði. Lykilatriði í því sambandi er samvinna af margvíslegum toga.

Undanfarin ár hefur skipulag samvinnunnar hverfst í kringum þrjár stoðir, það er að segja Nýheima, Vöruhúsið og Fjarmenntaskólann. Samvinna innan allra þessara stoða hefur verið að eflast undanfarin ár og hún hefur gert skólanum kleift að vaxa og dafna með þeim hætti sem raun ber vitni. Óformlegt samstarf við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga er einnig töluvert. Meðal annars vegna viðleitni skólans til að efla starfsnám með tengsl inn á vinnustaði á svæðinu, ekki hvað síst í ferðaþjónustu. Til viðbótar hefur erlent samstarf í gegnum tíðina verið mikilvægur hluti náms og kennslu við skólann. Lýsing verkefnastjóra

hvers verkefnis á þeim sem voru í gangi árið 2020 er hér fyrir neðan.

Erasmus+ verkefnið *Cultural heritage in the context of students' careers.*

Markmið verkefnisins var að auðga þekkingu, skilning og reynslu á menningu samstarfslandanna; Eistlands, Grikklands, Ítalíu og Lettlands; og um leið að dýpka skilning á eigin menningu. Í þeim tilgangi að örva hugmyndir um ferðaþjónustu sem gæti höfðað til yngra fólks.

Notkun sameiginlegs tungumáls í ferðum og vinnu verkefna var stór og óumdeilanlegur menntunarþáttur verkefnisins. Farið var í þrjár ferðir frá Íslandi í þessu verkefni og einu sinni tókum við á móti öllum þátttakendum hér á Höfn. Fyrirhugað var að fara einnig til Lettlands en vegna Covid-19 fór sú ferð fram á alnetinu. Þannig fylgdi verkefnið beint markmiðum stefnumótandi samstarfs og einkennisorðunum „Arfleifð okkar: þar sem fortíðin mætir framtíðinni“.

Verkefnið stóð í tvö ár og lauk þrátt fyrir farsótt á næstum tilsettum tíma, eða á vorönn 2021.

Advent

Adventure tourism in vocational education and training

FAS sótti um styrk til menntaáætlunar Evrópusambandsins, Erasmus+ árið 2017 til að vinna þriggja ára samstarfsverkefni í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ævintýraferðaþjónustu. Styrkurinn var veittur og hófst verkefnið haustið 2017.

Samstarfsverkefni þetta var unnið af aðilum frá þremur löndum, Finnlandi, Skotlandi og Íslandi, þar sem ferðaþjónustufyrirtæki, menntastofnanir og rannsóknarstofnanir unnu saman að þróun námsefnis fyrir ævintýraferðaþjónustufyrirtæki.

Markmið verkefnisins var að efla starfendanám sem nýst gæti fyrirtækjunum til að þróa sig í starfi og stuðla að endurmenntun starfsmanna sinna. Nám þetta byggði á þörfum ferðaþjónustu-fyrirtækjanna en þau réðu að stórum hluta innihaldi námsins. Reynslumiklir aðilar frá fyrirtækjunum og skólarnir unnu saman, með stuðningi rannsóknarstofnananna, að gerð námsefnisins.

Unnin voru níu ævintýraferðanámskeið, þrjú í hverju þáttökulandanna þar sem fengist var við þætti eins og leiðsögn, staðarþekkingu, útivist sem meðferðarform, menningu, ferðamálafræði, notkun snjalltækja í markaðssetningu og ferðir í mismunandi umhverfi og náttúru (s.s. ferðir á jöklum, í skógum, á strandsvæðum, vörnum, jökullónum og á sjó). Námskeiðin voru ýmist leidd af ævintýraferðaþjónustufyrirtækjunum eða skólunum og öll voru þau prufukeyrð af aðilum frá þáttökustofnunum og fólki úr ævintýraferðaþjónustu

geiranum.

Innra mat og lokaniðurstaða styrkveitenda leiddi í ljós að ADVENT verkefnið heppnaðist vel og hefur það nú þegar leitt til þess að FAS hefur fengið aðra styrki til frekari verkefnavinnu í þágu ferðaþjónustunnar.

Vefur verkefnisins er <https://adventureedu.eu/is>

Geoheritage

Geoheritage, culture and sustainable communities in rural areas in Finland, Iceland and Norway er þriggja ára nemendaskiptaverkefni styrkt af Nordplus. Auk skólanna þriggja koma jarðvangar í nágrenni skólanna og Vatnajökulsþjóðgarður að verkefninu. Verið er að vinna með valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og er eitt heimsmarkmið tekið fyrir á hverri önn. Í verkefninu er gert ráð fyrir að nemendur kynni sér heimsmarkmiðið sem er verið að vinna með og verði undirbúnir til að vinna með það í heimsóknum til þátttökulandanna.

Verkefnið hófst haustið 2020 og þá var verið að vinna með heimsmarkmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum. Samkvæmt umsókninni átti fyrsta heimsóknin að vera til Íslands en vegna Covid varð ekkert úr heimsóknum. Í stað þess var farið með íslensku þátttakendurna í verkefninu á fjóra valda staði þar sem augljós merki eru um loftslagsbreytingar. Til að miðla efni var notast við búnað til að streyma kynningum en þær voru einnig settar á heimasíðu verkefnisins <https://geoheritage.fas.is/>. Í kjölfarið unnu nemendur í gegnum Teams hópaverkefni. Afrakstur hópavinnunnar er á áður nefndri vefsíðu.

DETOUR

Destinations – Wellbeing tourism opportunities for regions

Árið 2019 bauðst FAS að taka þátt í Erasmus+ verkefni sem snýr að því að efla fyrirtæki í ævintýraferðaþjónustu á sviði heilsueflandi ferðaþjónustu.

Samstarfsverkefni þetta var unnið af aðilum frá Danmörku, Írlandi, Portúgal (Asóreyjum), Skotlandi og Slóveníu, auk Íslands.

Markmið DETOUR verkefnisins voru að veita verkmenntaskólum, hagsmunaaðilum í þróun ferðaþjónustu og litlum og meðalstórum ferðaþjónustufyrirtækjum þekkingu og færni til að nýta tækifæri innan heilsueflandi ferðaþjónustu, til að stuðla að nýsköpun, aukinni fjölbreytni á markaði og svæðisbundnum, sjálfbærum hagvexti ferðaþjónustunnar innan ákveðinna landshluta þátttökulandanna.

Verkefnavinnan fólst í því að mynda starfssamfélag áhugasamra aðila um heilsueflandi

ferðaþjónustu og í framhaldi af því voru unnir verkefnahlutar þar sem skoðaðar voru og lagðar til bjargir varðandi það hvernig skapa má staðbundin tækifæri til uppbyggingar heilsueflandi ferðaþjónustu.

Áhersla var á að auka skilning á tækifærum heilsueflandi ferðaþjónustu sem framtíðarsóknartækifærum fyrir ferðaþjónustuna í Evrópu .

Unnin voru námsskeið og önnur bjargráð tengd þekkingaröflun, viðburðastjórnun og stafrænni markaðssetningu, allt efni sem nýst getur til að efla skilning og auka tækifæri ferðaþjónustuaðila á sviði heilsueflandi ferðaþjónustu.

DETOUR verkefninu lýkur 2021.

Vefur verkefnisins er: <https://www.detourproject.eu>

PROMOUNT

Aukin fagmennska í fjallamennskunámi

FAS sótti um, og fékk styrk frá Erasmus+ árið 2019 til náms- og þjálfunarferðar nemenda og kennara í fjallamennskunámi skólans. Skráðir þátttakendur voru sex, þrír nemendur og þrír kennarar. Var ferðinni heitið til Skotlands í útivistarframhaldsskóla sem heitir á ensku School of Adventure Studies og er hluti af West Highland College og háskólanum University of the Highlands and Island .

Vefslóð móttökuskólans er: <https://www.whc.uhi.ac.uk/study-at-whc/school-of-adventure-studies/>

Markmið ferðarinnar var að gefa nemendum færi á að kynnst sérhæfðum útivistarskóla með því að taka virkan þátt í starfi skólans í tvær vikur og kynnst þar greinum sem ekki eru kenndar í fjallamennskunámi FAS. Einnig að gefa kennurum færi á að efla sig í starfi með því að kynnst kennsluáferðum og aðstöðu skoska skólans. Mikilvægur þáttur heimsóknarinnar var þessu til viðbótar að efla tengslin milli skólanna.

Skemmst er frá því að segja að í vikunni áður en náms- og þjálfunarferðin PROMOUNT átti að hefjast, í mars 2020, var hætt við allt þar sem skólum og landamærum var lokað vegna Covid-19. Styrkurinn gildir út árið 2021 og er stefnt á að nýta hann á haustdögum það ár, eða sækja um framlengingu styrksins til eins árs ef enn varða hömlur á ferðum.

Grænt bókhald

Í Grænu bókhaldi eru teknar saman upplýsingar um hvernig innkaupum á margvíslegri rekstrarvöru og þjónustu er háttað, aðallega í formi tölulegra upplýsinga. Með færslu Græns bókhalds er auðveldara að gera sér grein fyrir keyptu magni og eðli innkaupa á vöru eða orku og setja sér mælanleg markmið um hagræðingu eða að draga úr notkun. Með því að halda Grænt bókhald er hægt að fylgjast með magni losunar, skoða árangur í samanburði við aðrar stofnanir, fara í aðgerðir til að draga úr losun og kolefnisjafna svo það sem eftir situr.

Græna bókhaldið tekur til þeirra þátta sem hafa hve mest umhverfisáhrif í daglegum rekstri:

- Samgöngur
- Úrgangur
- Orkunotkun
- Matarsóun
- Pappírnotkun
- Efnanotkun

Í Grænu bókhaldi hjá FAS eru teknar saman tölulegar upplýsingar úr bókhaldskerfinu um hvernig innkaupum á margvíslegri rekstrarvöru er háttað einnig setur stofnunin sig í samband við birgja til að fá tölulegar upplýsingar varðandi þjónustu. Einu sinni á ári er allt rusl vigtað og heildarumfangið er reiknað út frá því.

Október 2021, Eyjólfur Guðmundsson skólameistari